

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Borgarfjarðarsveitar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 25. janúar 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundahúsa- og ferðþjónustuvæðis í landi Hellishóla í Fljótshlíðarhreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Fljótshlíðarhrepps, þann 6. nóvember 2001, deiliskipulag frístunda- og ferðþjónustuvæðis í landi Hellishóla í Fljótshlíðarhreppi.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir byggingu 45 gistiskála, 11 frístundahúsa, þriggja íbúðarhúsa, þjónustuhúsnæðis auk aðstöðu fyrir tjöld, hjólhýsi og húsbíla ásamt vegum og bíla-stæðum.

Deiliskipulagið hefur verið kynnt Skipulagsstofnun og hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Breytingin öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 25. janúar 2002.

F.h. sveitarstjórnar Fljótshlíðarhrepps,

Hrafn Jóhannsson byggingarfulltrúi.

GJALDSKRÁ

fyrir framkvæmda- og byggingarleyfi árið 2002 í Hvalfjarðarstrandarhreppi, Leirár- og Melahreppi, Borgarfjarðarsveit, Skorradalshreppi, Hvítársíðahreppi, Kolbeinsstaðahreppi, Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit.

	1. gr.	kr.
Framkvæmdarleyfisgjald		4.000
Byggingaleyfisgjald, umfjöllun		4.000
Byggingaleyfisgjald fyrir hvern rúmmetra húss		40
Stöðuleyfisgjald		4.900
	2. gr.	
Úttektargjöld, hver úttekt		4.300

3. gr.

Mæling lóðar	25.000
Mæling fyrir húsi á lóð	25.000
Mæling fyrir húsi í sveit	12.600

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af stjórn samlags um embætti skipulags- og byggingarfulltrúa Snæfellsness- og Borgarfjarðarumdæmis og staðfest af viðkomandi sveitarstjórnnum samkvæmt 17. gr. laga nr. 170/2000 sem er breyting á 53. gr. laga nr. 73/1997. Gjaldskráin öðlast þegar gildi.

Hrossholti, 21. janúar 2002.

Ólafur K. Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

GJALDSKRÁ

fyrir hunda- og kattahald á Austur-Héraði.

1. gr.

Hunda- og kattaeygendur sem búsettir eru innan þéttbýlisstaðanna Egilsstaða, Hallormsstaðar og Eiða skulu greiða leyfisgjald skv. lið b, gr. 2.1 í samþykkt um hundahald og samþykkt um kattahald á Austur-Héraði, sem staðfestar voru af umhverfisráðuneytinu 8. maí 2000.

2. gr.

Af hundum skal innheimta hundaleyfisgjöld skv. 1. gr. að upphæð kr. 7.500 á hvern hund.

Af skráðum köttum skal innheimta kattaleyfisgjöld að upphæð kr. 4.300 á hvern kött.

3. gr.

Eigendur hunda og katta eru ábyrgir fyrir öllum kostnaði sem hlýst af óheimilli lausa-göngu, handsömun, vörslu og skilum dýranna.

Ofangreind gjaldskrá var samþykkt af bæjarstjórn Austur-Héraðs þann 19. desember 2001 á grundvelli 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og tekur gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 64, frá 15. janúar 2001.

Egilsstöðum, 22. janúar 2002.

Þórhallur Pálsson,
forstöðumaður umhverfissviðs Austur-Héraðs.